# Námsáætlun í FRAN1DF08

## Franska 5. bekkur - 3. mál - NÁTT - Haust 2026

**Stutt lýsing á áfanganum:**

FRAN2DF08 er framhaldsáfangi í frönsku og lokaáfangi fyrir stúdentspróf í greininni. Helstu undirstöðuatriði frá fyrsta ári eru rifjuð upp og fest í sessi áður en byggt er áfram á fyrri þekkingu með auknum orðaforða og málfræðiatriðum. Nemendur vinna með fjölbreytt viðfangsefni sem tengjast daglegu lífi og franskri menningu. Áhersla er áfram lögð á færniþættina fjóra: skilning á rituðu og töluðu máli, skriflega og munnlega tjáningu, ásamt framburði. Undir lok áfangans undirbúa nemendur sig fyrir munnlegt og skriflegt stúdentspróf í frönsku.

**Kennslugögn:**

- **ÉDITO A1, Méthode de français** et **Cahier d'activités** (lesbók og vinnubók)
    - **Ath. Nýjasta útgáfa! (ISBN 9782278103645** og **9782278103652)**
- Efni af Internetinu, lög og lagatextar, blaðagreinar, ljóð, þættir, kvikmyndir o.fl.
- Mappa / möppur til að safna í aukaefni og skriflegum verkefnum.
- Stílabók eða laus línustrikuð blöð.
- Fra/ísl og ísl/fra orðabækur (ókeypis á netinu)
    - Snara: https://snara.is/
    - Lexía : https://lexia.hi.is/

**Kennsluhættir:**

Unnið er með kennslubókina *Édito A1*, lesbók og vinnubók. Einnig verður stuðst við ýmiss konar önnur kennslugögn t.d. af internetinu s.s. kennslusíður, tónlist, sjónvarpsþætti og bíómyndir. Til að æfa munnlega tjáningu og færni í samskiptum er unnið í pörum og hópum. Nemendur skila ýmsum verkefnum, bæði skriflegum, hljóðupptökum og myndböndum.

**Kennarar:**

Rósa Elín Davíðsdóttir og Florent Gast

**Áætlun um yfirferð (með fyrirvara um breytingar)**

| Vika | Dagsetning | Yfirferð | Heimavinna, verkefni og próf |
|---|---|---|---|
| 1 | 20. – 21. ágúst | Kynning á námsefni haustmisseris<br>**Unité 3**<br>- Upprifjun á orðaforða: matvæli, markaðir, verslanir, innkaup og uppskriftir. | Unnið heima í vinnubók (Cahier d'activités) |
| 2 | 24. – 28. ágúst | **Unité 3**<br>- Upprifjun á málfræði: deiligreinir, magnorð og staðarforsetningar.<br>- Fornafnið EN.<br>- Sagnir: *-ER sagnir*; *aller*, *boire* og *faire* | Unnið heima í vinnubók (Cahier d'activités) |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3 | 31. ágúst – 4. sept. | **Unité 3**<br>- Uppskriftir og orðaforði sem notaður er á veitingastöðum og kaffihúsum (frh.)<br>- Reglulegar -IR sagnir | Unnið heima í vinnubók (Cahier d'activités)<br>**Stutt sagnapróf** |
| 4 | 7. – 11. sept. | **Unité 3**<br>- Hljóðin [i], [y] og [u] og reglur um hljómfall.<br>- Lokaverkefni og upprifjun. | Unnið heima í vinnubók (Cahier d'activités)<br>**Lokaverkefni úr Unité 3** |
| 5 | 14. – 18. sept. | **Unité 4**<br>- Orðaforði tengdur borgum o.fl.<br>- C'est – Il/Elle est – Il y a<br>- Tíðniorð | Unnið heima í vinnubók (Cahier d'activités)<br>**Hlutapróf úr Unité 3** |
| 6 | 21. – 25. sept. | **Unité 4**<br>- Orðaforði tengdur borgum o.fl. (frh.)<br>- Samgöngur, að rata og fara um í borgum.<br>- Að spyrja og vísa til vegar, raðtölur.<br>- Sagnir *prendre*, *tourner, monter, descendre* | Unnið heima í vinnubók (Cahier d'activités) |
| 7 | 28. sept. – 2. október | **Unité 4**<br>- Að spyrja og vísa til vegar, raðtölur (frh.)<br>- Mismunandi ferðamátar.<br>- Samtengingar: *pour, parce que, mais…* | Unnið heima í vinnubók (Cahier d'activités) |
| 8 | 5. – 9. október | **Unité 4**<br>- Ferðamátar, samtengingar: *pour, parce que, mais, avec, sans (frh.)*<br>- Tölur frá 100 til 1 000 000 000 | Unnið heima í vinnubók (Cahier d'activités) |
| 9 | 12. – 16. október | **Unité 4**<br>- Hljóðin [ɑ̃], [ɛ̃] og [ɔ̃]<br>- Lokaverkefni og upprifjun | Unnið heima í vinnubók (Cahier d'activités)<br>**Lokaverkefni úr Unité 4**<br>**Hlutapróf úr Unité 4** |
| 10 | 19. – 21. október<br>**Hausthlé**<br>**22. og 23. október** | **Kvikmynd eða sjónvarpsþættir** | Verkefni tengt kvikmynd/ sjónvarpsþáttunum |
| 11 | 26. – 30. október | **Unité 5**<br>- Orðaforði varðandi fatnað og fylgihluti<br>- Litir og fataefni<br>- Lýsingarorð: kyn og tala<br>- Sagnirnar *vendre* og *mettre* | Unnið heima í vinnubók (Cahier d'activités) |
| 12 | 2. – 6. nóvember | **Unité 5**<br>- Fatnaður + lýsingarorð. (frh)<br>- Staða lýsingarorða<br>- Veðrið | Unnið heima í vinnubók (Cahier d'activités) |
| 13 | 9. – 13. nóvember | **Unité 5**<br>- Sögnin *venir*<br>- Nálæg framtíð<br>- Veðrið (frh.) | Unnið heima í vinnubók (Cahier d'activités)<br>**Lokaverkefni úr Unité 5**<br>**Hlutapróf úr Unité 5** |
| 14 | 16. – 20. nóvember | - Upprifjun og æfingar fyrir jólaprófið<br>- Undirbúningur fyrir munnlegt próf | Unnið heima í vinnubók (Cahier d'activités) |
| 15 | 23. – 27. nóvember | **Munnleg próf** | |

## Námsmat

Jólapróf:

- 80%: skriflegt próf
- 20%: munnlegt próf: 20% (haldið í síðustu viku haustmisseris)

- **Lokaeinkunn að vori:** stúdentspróf 1/2 og námseinkunn 1/2
  - **Námseinkunnin sem gefin er í lok skólaárs:**
    - 30%: jólaprófseinkunn
    - 50%: hlutapróf (skrifleg, hlustun) og stór lokaverkefni
    - 20%: ástundun, smærri skilaverkefni, heimavinna (skila vinnubók á hverju misseri), virkni og hegðun í tíma (sjá skólareglur, gr. 2 á heimasíðu skólans)
  - **Stúdentspróf**
    - skriflegt próf (70%)
    - munnlegt próf (30%)

*Á skólaárinu verða lögð fyrir nokkur kaflapróf og nokkur lokaverkefni úr köflum kennslubókarinnar. Gilda þau 50% af námseinkunn. Nemendum er skylt að mæta í öll próf og skila öllum lokaverkefnum. Til að reikna út námseinkunnina í lok skólaárs verður lægsta einkunn felld niður en fái nemandi einkunina 0 mun hún standa. Einkunina 0 fær nemandi sem mætir ekki í kaflapróf eða í sjúkrapróf og skilar ekki lokaverkefni.*

## Athugið

- Ætlast er til að nemendur mæti ávallt stundvíslega og vel undirbúnir til kennslustundar.
- Síma- og snjalltækjanotkun er með öllu stranglega bönnuð í kennslustund nema ef verið er að nota þau við verkefnavinnu.
- Hljóð - og myndupptökur eru með öllu bannaðar í kennslustund nema ef verið er að nota þau við verkefnavinnu.
- Skili nemandi ekki verkefnum á tilsettum tíma lækkar einkunnin um 0,5 fyrir hvern dag.

## Námsáætlun og námsmat eru gerð með fyrirvara um breytingar